

STIKLAÐ Á STÓRU Á 10 ÁRA FERLI

Friðun vita: Í samvinnu við Húsafríðunarnefnd ríkisins vann Íslenska vitafélagið að fyrstu friðlýsingu íslenska vita sem fram fór við hátíðlega athöfn að viðstöddum ráðherrum 1. desember 2003 í Gróttu. Friðlýstu vitarnir sjö eru: Arnarnesviti við Skutulsfjörð (byggður 1902 endurbyggður 1921), Bjargtangarviti (1913 endurbyggður 1923 og 1948), Dyrhólaey (1927), Garðskagaviti hinn eldri (1897), Hríseyjarviti (1920), Malarrifsviti (1946) og Reykjanesviti (1907). Með friðuninni er lögð áhersla á varðveislu þessara merku menningarverðmæta.

Mánaðarlegir fræðslufundir: Yfir vetrarmánuðina er efnt til fræðslu- og skemmtifunda sem haldnir eru í samstarfi við Sjóminjasafnið Víkina og ýmsa hagsmunaaðila. Þar er fjallað um fjölbreytt viðfangsefni sem falla undir strandmenningu. Á yfirstandandi starfsári var sem dæmi fjallað um hlunnindi og útræði frá sjávarjörðum, stjórnun og skipulag á haf- og strandsvæðum, Samtök eigenda sjávarjarða kynntu starfsemi sína, fjallað var um haftengda ferðaþjónustu og útflutning á hvalahljóðum og einnig var ein dagskrá helguð sjómannaöngvum. Síðasti kynningarfundurinn var kynning á roði og hvernig roðvinnsla var í fortíðinni ásamt kynningu á þróunarfundi og markaðssetningu Sjávarleðurs á Sauðárkróki. Fundirnir eru öllum opnir og ókeypis.

Hafið, fjaran og fólkíð - menningararfleifið, tækifæri og ógnir sjávarbyggða: Á hverju ári heldur Íslenska vitafélagið – félag um íslenska strandmenningu vorþing í sjávarbyggðum landsins í samstarfi við heimamenn. Dagskrá hvers vorþings tekur mið af staðsetningu og sérkennum viðkomandi svæðis. Að skipulagningu koma sveitarfélög, stofnanir og einstaklingar. Vorþing með fyrirlestrum og fræðsludagskrá um íslenska strandmenningu hafa verið haldin á Ísafirði, í Grindavík, á Húsavík, Neskaupstað og Akranesi. Hinn 17. maí næstkomandi verður vorþing félagsins haldið á Akureyri.



Norrænar strandmenningarhátíðir: Formaður Íslenska vitafélagsins er hugmyndasmiður og upphafsmaður að norrænu strandmenningarhátíðunum sem haldnar hafa verið árlega frá 2011. Fyrsta hátíðin var haldin undir heitinu Sail Húsavík, en síðan þá hefur yfirskriftn verið **Nordisk kustkultúr**. Hátíðin 2012 var haldin í Ebeltoft, Danmörku og í Karlskrona í Svíþjóð 2013. Í sumar verður hún haldin í Osló og á næsta ári á Álandseyjum. Hátíðirnar hafa vaxið og dafnað með hverju ári og eru allar norrænu þjóðirnar og sjálfstjórnarríkin nú virkir þátttakendur. Íslenska vitafélagið hefur tekið mikinn þátt í þessum hátíðum og árið 2013 fóru 20 Íslendingar á Svíþjóðar meðal annars handverksfólk úr Eyjafirði og síldarsöltunarhópur frá Síldarminjasafninu á Siglufirði. Óþarft er að taka fram að íslensku þátttakendurnir vöktu óskipta athygli og höfnuðu á forsiðum sænskra dagblaða.

Útgáfa: Íslenska vitafélagið gefur út litprentað fréttabréf tvisvar á ári þar sem sagt er frá því sem helst er á döfinni á hverjum tíma. Einnig gaf félagið út fyrirlestra sem haldnir voru á hátíðinni Sail Húsavík. Í bigerð er að gefa út spil með myndum af ýmsum þáttum vita- og strandmenningar á Íslandi.

Ráðstefnur og málþing: Íslenska vitafélagið stóð fyrir norrænni ráðstefnu í Stykkishólmi árið 2006 undir heitinu Vitar og strandmenning á Norðurlöndum. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við norrænu vita- og strandmenningarfélögin. Viðfangsefni ráðstefnu sem haldin var á Hótel Sögu árið 2007 var Strandmenning Íslands, staða hennar og framtíð. Þar voru á dagskrá fjöldi áhugaverðra fyrirlestra sem tengdust strandmenningu með einum eða öðrum hætti. Íslenska vitafélagið fékk til liðs við sig Ferðamálastofu, Ferðamálasamtök Íslands, Siglingastofnun, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Fornleifavernd ríkisins og Samtök íslenskra sjóminjasafna. Félagið átti aðild að norrænni ráðstefnu um Vita og strandmenningu á Norðurlöndum sem haldin var á Álandseyjum í júní 2010. Málþing um verndun og nýtingu trébatá var haldið 2011 í Víkinni - Sjóminjasafni Reykjavíkur í samstarfi við Faxaflóahafnir og Samtök íslenskra sjóminjasafna. Í samvinnu við íbúa og aðstandendur í Garðinum var efnt til Vita- og vísnahtíðar í Garðinum 2012. Félagið var aðili að ráðstefnunni Marine and Coastal Culture Tourism in Northern Territories sem haldin var á vegum Stofnunar Vilhjalms Stefánssonar á Akureyri 2013 og með þátttöku félagsins hefur Ísland átt fræðilegt og menningarlegt framlag á öllum norrænu strandmenningarhátíðunum sem haldnar hafa verið hingað til.



www.vitafelagid.com

Fréttabréf

Íslenska Vitafélagið

1. tbl 2014

-félag um íslenska strandmenningu



Ágæti lesandi.

Nú þegar vorið er í gættinni og sumarið handan við hornið hugum við í auknum mæli að útivist og stefnumóti við haf og strönd. Að baki er vetur með fróðlegum erindum sem félagið stóð fyrir að venju í Víkinni - Sjóminjasafni í Reykjavík. Árleg vordagskrá á landsbyggðinni verður að þessu sinni á Akureyri laugardaginn 17. maí. Í samvinnu við Strandmenningarfélag Akureyrar, sem nú er þriggja ára, Húnagarpa og aðra heimamenn verður efnt til dagskrár í gamla slippnum sem nú hýsir Grasrót-Íðngarða. Eins og aðrir landslutlar eiga Akureyri og Eyjafjörður sér langa og blómlega sögu strandmenningar. Bátasmiði, síldveiðar, netagerð og tónlist sem tengist hafi og strönd var blómleg við fjörðinn og vonandi auðnast heimamönnum að nýta betur þennan þátt menningararfsins - þó svo að framkvæmdir við sjávarsíðuna af hálfu Akureyrarbæjar bendi til annars. Góð fyrirmynd er þó innan seilingar. Nágrannabærinn Siglufjörður með Síldarminjasafnið og aðra uppbyggjnu í bænum er mörgum erlendum sjávarplássum fyrirmynd og ætti ekki síður að vera það íslenskum bæjarfélögum.

Íslenska vitafélagið – félag um íslenska strandmenningu hefur lagt sitt af mörkum til að vekja Norðlendinga til umhugsunar um margþættan auð hafs og stranda. Auk hátíðarinnar á Húsavík 2011 fara nú í þriðja sinni þátttakendur af Norðurlandi á Norrænu strandmenningarhátíðina, sem að þessu sinni verður í Osló dagana 17-20 júlí. Félagið stefnir að því að Húni II geti siglt til Oslóar og tekið með sér bátinn Ríkey, gullfallegan bát með Engeyjarlaginu, upphaflega smíðaðan af Ingimundi Guðmundssyni í Litlabæ á Vatnsleysuströnd árið 1920. Báturinn var endursmíðaður af Birki Þór Guðmundssyni og syni hans Guðmundi Birni. Einnig vinnur félagið að því að hljómsveitin Húnarnir fari utan og kynni íslenska tónlist sem tengist hafi og strönd. Enn vantar talsvert uppá að peningaendarnir nái saman og því þiggjum við með þökkum alla aðstoð til þess að við getum sem best kynnt þennan merka menningararf þjóðarinnar.


Að lokum vill stjórn félagsins þakka öllum fyrirlesurum sem hafa frætt okkur og glatt í vetur með frábærum erindum og gestum fyrir komuna. Með ósk um að sumarið verði okkur öllum fengsælt og gott.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður

VINSAMLEGAST MUNIÐ AÐ GREIÐA FÉLAGSGJÖLDIN

SÖNGVITAR Á JÓNSMESSU

Í töfrum Jónsmessunar er ætlunin að halda tónleika í og við vita landsins. Engin nótt ársins er jafn mikilli dulúð búin og Jónsmessunótt og fáir staðir eru jafn miklum ljóma vafðir og vitar landsins. Íslenska vitafélagið – félag um íslenska strandmenningu hvetur því alla tónlistarmenn að finna sér vita til að spila í eða við laugardagskvöldið 21 júní. Sjálf Jónsmessunótt er á mánudegi og því var ákveðið að tónleikarnir hefjist á miðnætti laugardagsins 21 júní. Hugmyndina að þessu verkefni á einn dugmesti félagsmaður okkar, Hilmar Sigvaldason á Akranesi, sem hefur komið vitanum á Akranesi svo rækilega á kortið að vitinn hefur verið kosin einn af tíu fegurstu vitum heims. Í þúsundavís flykkist fólk að til að skoða vitann og færa í leiðinni sveitafélaginu góðar tekjur í gegnum kaup á margskonar þjónustu. Frekari upplýsingar veita Hilmar s. 8943010 og Sigurbjörg s. 6503880



MINNINGAR JÓFRÍÐAR, DÓTTUR VITAVARÐA Á REYKJANESVITA - Jófríður Jónsdóttir

Meðal tryggustu félaga Íslenska vitafélagsins eru þau hjónin Jófríður Jónsdóttir og Pálmi Guðmundsson. Þau mæta á alla fundi félagsins og komu einnig á Norrænu strandmenningarhátíðina í Ebeltoft þar sem Jófríður hélt upp á 80 ára afmælið sitt.

Jófríður er mjög tengd Reykjanesvita en Jón Ágúst Guðmundsson, faðir hennar gerðist vitavörður árið 1930 og gegndi því starfi til dauðadags, 11. ágúst 1938 en þá tók ekkja hans, Kristín Guðmundsdóttir við starfinu og gegndi því frá 1938 til 1943. Er Kristín ein af örfáum konum sem gegnt hafa starfi vitavörðar.

Jófríður hefur skráð endurminningar sínar frá barnæsku og hún er í raun fædd í vitanum. Hún segir skemmtilega frá lífi vitavörðanna svo og sorgum og gleði fjölskyldunnar. Jófríður er ákaflega vel ritfær og endurminningar hennar eru skráðar á falleg máli sem leiftrar af glettni og næmri frásagnargleði. Með hennar leyfi birtum við nú nokkrar glefsur úr minningum hennar þótt ekki sé textinn samfelldur. Endurminningarnar hafa ekki verið gefnar út en alls eru þær á fimmta hundrað síður svo af mörgu er að taka. En gefum nú Jófríði orðið: „*Snemma vors 1930 tók faðir minn, Jón Ágúst Guðmundsson, við vitavörðarstöðunni á Reykjanesvita en þá höfðu móðir mín, Kristín Guðmundsdóttir, og hann búið um árabíl í Reykjavík. Á þeim tíma sem kreppan þrengdi að mörgum, var lítið framboð á íbúðarhúsnæði en þau voru í leigubúð í Blönduhlíðinni nærri Þóroddstöðum, þegar fréttin barst um að hann hefði fengið stöðuna. Það var mikill léttir fyrir foreldra mína að komast með börnin sem þá voru orðin fjögur, út í sveitina þar sem þau höfðu gott húsnæði og faðir minn örugga vinnu á þessum tíma atvinnuleysis en þá þótti vitavörðastaðan eftirsóknarverð og hefi ég heyrt því fleygt að um 100 manns hafi sótt um hana þá og margir orðið sárir sem ekki hrepptu hnossi.*

Það var mikil vinna framundan hjá foreldrum mínum að koma sér fyrir. Svo þurfti að sinna skepnunum sem voru tvær kýr og tveir eða þrjú hestar ásamt einhverjum kindum og vorverkin voru framundan, að setja niður kartöflur, sá fyrir rófum ásamt öðrum grænmetistegundum, bera á túnin og gera við girðingar.

Jófríður fæddist rúmum tveim árum eftir að foreldrar hennar og systkini fluttu að Reykjanesi og hún lýsir lífinu þannig: *Ég sótti snemma eftir að vera úti við með pabba og var það auðsótt ef aðstæður mögulega leyfðu. Þegar pabbi kveikti á vitanum á kvöldin fékk ég oftast að fara með og fannst það alltaf jafn gaman enda hefi ég tilbeiðið Reykjanesvitann eins og skurðgoð frá því ég man eitthvað eftir mér. Ekki var alltaf blíðviðri eða logn á þessum tíma frekar en gerist enn í dag og í suðvestan hvassviðri stóð rokið beint upp í bratta brekkuna sunnan við vitahólinn svo það var varla stætt í tröppunum sem lágu upp að vitanum. Undir þeim kringumstæðum kom til greina að ég yrði að vera eftir heima, en þá átti ég það til að mótmæla með svo kröftugu orgi að það endaði stundum með því að pabbi stóðst ekki mátið og tók mig með og bar mig í fanginu alla leiðina upp hólinn að vitanum.*

Jófríður var aðeins átta ára þegar faðir hennar lést og verða þá breytingar á högum fjölskyldunnar. Henni farast svo orð: *Nú var mamma bæði búin að missa móður sína og manninn sinn með mjög stuttu milli bili, og hann eiginlega án nokkurs fyrirvarar. Hér stóð hún uppi nær eignalaus með fimm börn á sínu framfæri, yngsta barnið nýorðið 6 ára og það elsta 15 ára. Það hefði mátt segja að það lægi ekkert fyrir hjá henni nema hreppurinn. Það eina sem hún átti fyrir utan einhverja búslóð var ein kýr, tveir hestar og nokkrar kindur kannski 15 til 18 og skuldir í þokkabót. Einhverjum hefði fallist hendur undir þessum kringumstæðum. En þessi litla, granna kona sem var heilsutæp þar að auki var ekki á því að gefast upp. Hún sá fljótt að það eina sem hún gat gert til þess að geta haldið fjölskyldunni saman og séð fyrir henni var að sækja um vitavörðarstöðuna og nú mátti engan tíma missa, því þessi staða var ein sú ábyrgðarmesta við strendur landsins.*

Mamma varð fyrst að leggja leið sína á vitamálskrifstofuna og ræða þar við Emil Jónsson vitamálastjóra en hann hafði tekið við stöðunni af Krabbe árið áður 1 maí 1937. Emil, sem var stilltur maður og viðræðugóður, vildi strax athuga þennan möguleika en hann var ekki einn í ráðum og mun sumum mönnum af æðri yfirvöldum ekki hafa litist alltof vel á þessa uppástungu. En móðir mín var ekki á því að gefast upp, þó á móti blési og hætti ekki fyrr en hún gat fengið viðtal hjá hæstráðanda í vitamálum þó að hún yrði að fara inn á sjálft Alþingi. Eftir að hún hafði útskýrt alla

málavexti fyrir honum var henni á endanum gefin sá kostur að hún yrði settur vitavörður, ef hún gæti ráðið til sín ábyrgan mann sem væri hæfur til þess að gegna þeim skyldum sem fylgdu því að vera aðstoðarvitavörður. Þá fór mamma þegar af stað að finna einhvern sem gæti komið til greina. Henni var fljótlega vísað á mann sem hét Gísli Jónsson og hafði verið stýrimaður á togara en var slæmur í baki og mátti ekki vinna erfiðisvinnu á meðan hann væri að ná bata.



Jófríður Jónsdóttir og Pálmi Guðmundsson

Nú voru framundan þáttaskil og breytingar hjá móður minni og allri fjölskyldunni. Sú ábyrgð var mikil sem hún þurfti að taka á sig, bæði í sambandi við vitana, börnin og ekki síður fjármálin, en það segir sig sjálft að hún gat ekki haldið utanaðkomandi vinnuafli á launum umfram aðstoðarvitavörðinn. Öll aukavinna, sem hafði gefið góða uppbót í búið á meðan pabbi lifði, hlaut að dragast saman ásamt garðrækt og jafnvel fódri fyrir búfenað.

Eitt af því fyrsta sem hún varð að ráðast í var að láta frá sér annan hestinn en þá varð reiðhesturinn Rauður fyrir valinu þar sem Jarpur var með öllu ómissandi sem dráttarhestur til að draga kerru og plóg og annað því um líkt og svo var líka hægt að nýta hann sem reiðhest þegar á þurfti að halda En það var öllum mikil eftirsjá í Rauð sem var bæði ljúfur og lipur.

Þetta er örlítið brot af frásögn Jófríðar, en hún rekur lífsbaráttuna af glöggskyggni og glettni án þess að velta sér upp úr örðugleikunum. Þetta er falleg frásögn sem segir frá lífbaráttunni á fyrri hluta síðustu aldar.

SIGURBJÖRG ÁRNADÓTTIR KOSIN FYRSTI FORMAÐUR NORDISK KUSTKULTUR



Árið 2009 bauð Íslenska vitafélagið fulltrúum norrænna strandmenningarfélaga til Íslands til skrafs og ráðagerðar um eflingu samstarfs á sviði strandmenningar. Eftir fundi og ferð um Norðurland var hópurinn sammála formanni Vitafélagsins um að efna til norrænnar hátíðar sem ætluð væri leikum og lærðum til eflingar á samstarfi á sviði strandmenningar. Fyrsta hátíðin var haldin á Húsavík 2011 og hafa strandmenningarhátíðirnar vaxið og dafnað jafnt og þétt síðan. Á fundi félaganna í Osló í febrúar 2014 var í fyrsta sinn kosinn formaður norrænu samtakanna sem fengu heitið **Nordisk kustkultur** og var Sigurbjörg Árnadóttir einróma kosin til forystu í þessum samtökum. Nú eru allar norrænu þjóðirnar svo og sjálfstjórnarríkin virkir þátttakendur í samstarfinu eða alls átta aðilar. Í stefnulýsingu samtakanna segir:

Nordisk kustkultur er yfirskrift yfir víðtækt norrænt samstarf sem nær til einstaklinga, félagasamtaka og stofnana. Með samstarfinu eru einstaklingar sem starfa í grasótinni virkjaðir jafnt og hæfasta fagfólk innan stofnana á sviði umhverfismála, fornleifaverndar, matarmenningar, tónlistar, dans og handverks við strönd og haf.

Tilgangur árlegrar norrænnar strandmenningarhátíðar er að vera vettvangur fyrir leika og lærða til að hittast, fræðast, miðla, læra og mynda tengsl. Markmiðið er að styðja nýsköpun og menningu á strandsvæðum og koma henni á framfæri við almenning. Þar með er hægt að opna augu fólks fyrir mikilvægi þessa hluta vistkerfis jarðar og þá ógnum sem að því steðjar. Þannig verður stutt við áherslur í norrænum umhverfismálum og strandmenningu og hún kynnt fyrir umheiminum. Jafnframt eflir þetta samstarf hvers kyns samvinnu og nýsköpun í dreifðari byggðum landanna.

Við virðum menningararfleið okkar og stöndum vörð um hreint haf.

ÁHÖFNIN Á HÚNA II HLÝTUR EYRARRÓSINA



Eyrarrósinn

Eyrarrósinn Eyrarrósinn er viðurkenning til framúrskarandi menningarverkefna á starfssvæði Bygðastofnunar og var veitt í tíunda sinn sinn í febrúar 2014. Í þetta sinn var það Áhöfnin á Húna sem hlaut Eyrarrósina. Áhöfnin á Húna er samstarfsverkefni tónlistarmanna og Hollvina Húna II. Áhöfnin á Húna vakti mikla athygli síðastliðið sumar þegar Húni II sigldi hringinn í kringum landið. Haldnir voru 16 tónleikar í sjávarbyggðum landsins. Ríkisútvarpið fylgdi siglingunni eftir með beinum útsendingum frá tónleikum áhafnarinnar sem og sjónvarps- og útvarpsþáttagerð þar sem lands-mönnum öllum gafst tækifæri til að fylgjast með ævintýrum áhafnarinnar. Húni II hefur á undanförunum árum vakið athygli fyrir áhugavert starf í menningartengdri ferðaþjónustu og er samstarf hans við tónlistarfólkið í Áhöfninni á Húna liður í að efla það enn frekar.